

Ambiance Sky

Almött loftamálning



Efnislýsing

Ambiance Sky er vatnsþynnannleg akrýlmálning með almatti áferð. Létt er að vinna með málninguna og hún með góðan opinn tíma. Ambiance Sky þekur einstaklega vel og fletirnir verða almattir og blettalausir.

Ambiance Sky hentar til notkunar innanhúss, m.a. í nýbyggingar, á spartl, gífsplötur, steypa fleti, ómálaða sem málaða.

Meðhöndlun

Nýmálun/nýbyggingar

1. Tryggið að flöturinn sé laus við olíu, fitu, útfellingar og önnur óhreinindi. Ef flöturinn er duftsmitandi eða mjög gljúpur skal grunna með Professional Microdispers eða Grund+.
2. Sandspartlið og slípið eftir þörfum. Grunnið spartlið með Professional Microdispers, Grund+ eða Professional A5.
3. Málið 1-2 umferðir af Ambiance Sky.

Endurmálun

1. Óhreina og málaða fleti skal þvo með Original Málartvätt og vatni. Hreinsið lausa málningu af fletinum.
2. Þegar nikótín, kertasót eða vatnskaði er í lofti þarf að grunna með viðeigandi einangrunargrunni, t.d. Nordsjö Spärrvitt.
3. Þvegna kalkmálaða fleti, sem og annað laust bundið undirlag, skal grunna með Professional Microdispers, Grund+ eða Professional A5.
4. Gljáandi fleti skal mattslípa og rykhreinsa og grunna eftir þörfum.
5. Málið 1-2 umferðir af Ambiance Sky.

Heilsufars- og umhverfismál

Við slípun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni tryggilega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss
Bindiefni: Akrýlsampólýmer
Gljástig: Almatt 2%
Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 1 klst
Yfirmálun: 2 klst
Lágmarkshiti við málun: 5°C
Rakastig: 40-80% (kjörakastig 65%)
Þynning: Vatn
Verkfæri: Penslar, rúllur, sprautur
Þekja: 4-6 m²/l
Umbúðir: 1, 2,5 og 10 lítra dósir
Stofnar: BW
Hreinsun: Sápuvatn
Geymsla: Í frostfríu rými
Rokgjörn lífræn efni: VOC (fl. A/a) 30 g/l (2010). Inniheldur mest 1 g/l VOC

Umhverfisvottanir

Ambiance Sky uppfyllir staðla Svansins og Blómsins, sem eru umhverfismerki Norrænu ráðherranefndarinnar og Evrópu-sambandsins. Sjá nánari upplýsingar á www.nordic-ecolabel.org